

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Jaðarsvallar.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. maí 2015 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Jaðarsvöll.

Breytingin felur í sér að byggingarreitur nr. 1 við vélageymslu stækkar til norðurs.

Breyting á deiliskipulagi akstursíprótta- og skotsvæðis á Glerárdal.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. maí 2015 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir akstursíprótta- og skotsvæðið á Glerárdal.

Breytingin felur m.a. í sér að 36.030 m² lóð fyrir tjaldsvæði og bílastæði er afmörkuð austast á svæði Bílaklúbbs Akureyrar og verður hún nr. 5 við Hlíðarfjallsveg. Lóð bílaklúbbsins, Hlíðarfjallsvegur 11, minnkar að sama skapi.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 6. maí 2015,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.